# Vængjaðir vagnar.

Mbl. 11.12.19

The Gods of Asgard and Olymps, and the spirits of spiritists, are inhabitants of other planets.

Forn spekingur segir að Zeus (hinn gríski guð) knýi fram vængjaðan vagn(ptenon harma elaunón). Menn hafa haldið, að slíkt væri nokkurs konar líkingatal, og fram á 19. öld var slík vanþekking afsakanleg. En nú á 20. öldinni, þegar menn eru farnir að knýja „vængjaða vagna" yfir Atlanzhafið, virðist tími til kominn, að fara að skilja rétt hvað það er, sem um ræðir. Einnig Swedenborg talar um engil á ferð í vængjuðum vagni í andaheimnum,og í eitt skifti kveðst hann jafnvel hafa séð í andaheimnum loftskip með seglum (7 minnir mig).

Til þess að skilja hvernig slíkar sögur eru til komnar, þarf ekki annað en íhuga nógu vel samskynjunartilraunir eins og þær, sem eg hefi sagt frá í „Lögréttu" einu sinni.Stúlkur tvær gerðu þess konar tilranir með umsjá vísindamanna. Einu sinni var vegalengdin á milli stúlknanna viðlíka og frá Seyðisfirði til Færeyja, og í þessari fjarlægð gat önnur stúlkan fengið hina til að sjá það sama sem hún sá. Önnur sá „eins og í huga sínum" það sem hin hafði fyrir augum. Það eru til athuganir, sem gera það mjög líklegt, að samskynjun manna geti átt sér stað, þó að annar sé á Englandi, en hinn á Nýja-Sjálandi. En það er nálægt því, sem lengst getur orðið manna á milli á jörðu hér. Yfirleitt virðist fjarlægðin ekki koma hér svo mjög til greina, og samskynjun getur komist á,jafnvel þó að fjarlægðir himingeimsins séu á milli. Þegar Swedenborg hyggur, að hann sé staddur „á hæð nokkurri í andaheimnum" og sjái „engil" svífa í loftinu, þá er sú skýring, að þetta sé ekki annað en hugarburður spekingsins, svo langt frá því að vera vísindaleg, að hún styðst í rauninni ekki við neitt annað en hugarburð. Hin vísindalega skýring er sú, að þarna hafi samskynjun átt sér stað, Swedenborg hafi séð „í huga sér", það sem maður á öðrum hnetti leit augum. Og alveg sama máli er að gegna, þegar gríski spekingurinn „sér í huga sínum" Zeus vera á ferð í vængjuðum vagni. Slíkt verður fyrir skynjunarsamband við einhvern á öðrum hnetti, þar sem eiga heima þessar verur, sem Grikkir kölluðu guði.

Það er talsvert þýðingarmikill fróðleikur, sem hér ræðir um. Þegar menn vita þessi sannindi saman, munu þeir geta fært sér í nyt afl, sem verður mjög mörgum sinnum áhrifameira en rafmagn. Er þetta ekki sagt, af því að eg búist svo mjög við því, að menn muni hyggja það rétt vera. En þó vil eg biðja menn að íhuga svolítið sögu þekkingarinnar á jörðu hér. Það er varla ofsagt, að öllu öðru hafi menn verið fljótari til að trúa, heldur en einmitt því sem sannast var og merkilegast. Öllum öðrum hefir verið auðveldara að fá menn í lið með sér, heldur en þeim, sem fundið höfðu hin merkilegustu sannindi. Og fram á vora daga, er alt annað starf betur þakkað og launað, heldur en það sem vandfengnastir eru menn til að vinna. Enn í dag þarf ekki annað en að uppgötvanirnar, sem gerðar eru, séu nógu stórkostlegar, til þess að vitringurinn fái að heyra þetta hið fornkveðna gagnvart slíkum mönnum: Þú ert vitlaus, þú ferð með rugl. Langt aftur á fornöld var það sagt við Anaxagoras, þegar hann leitaðist við að kenna mönnunum, að sólin væri ekki guð, heldur glóandi efni. Hér um bil 2000 árum síðar var það sagt við Brúnó, þegar hann lét í ljósi þá stórmerkilegu hugsun, að það væri ekki einungis til ein sól, heldur óendanlega margar sólir og sólkerfi. Og enn á vorum dögum fær sá maður að heyra þetta ár eftir ár, sem fært hefir út á mjög stórkostlegan hátt, þekkinguna á stjörnunum (einmitt á þann hátt sem búast mátti við af jarðfræðingi), og fundið þá leið sem liggur til fullkomins sigurs fyrir vísindin og lífið.

**Helgi Pjeturss.**